

Samskipti Hestamannafélagsins Gnýfara og Fjallabyggðar varðandi svæði hestamannafélagsins o.fl

Tjón vegna yfirborðsvatns

Föstudaginn 19.03.21 varð sá atburður að vatn flæddi inn í reiðskemmu Hestamannafélagsins Gnýfara að Faxavöllum 9, og einnig kom vatn upp í gengum reiðgólfið, þegar mest var teljum við að vatsnhæðin hafi að minnsta kosti verið 10 sentimetrar.

Ástæða þess að þetta gerðist er sú að þrátt fyrir til þess að gera snjóléttan vetur var á svæðinu þó nokkur snjór og hitastig fór hækkandi eins og meðf. gögn frá Veðurstofu Íslands sýna. Í framhaldinu óskuðum við eftir fundi með bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, formanni bæjarráðs og formanni skipulags- og umhverfisnefndar til að gera þeim grein fyrir stöðu mála. Sá fundur var haldinn þriðjudaginn 27.04.21. Á fundinum komum við þeim upplýsingum á framfæri að stjórn Gnýfara hefði fyrir nokkrum árum sent bæjaryfirvöldum bréf þar sem vakin var athygli á þeirri hættu sem stafar af ágangi yfirborðsvatns í miklum leysingum og asarigningum. (dags 04.03.13) og var það tekið fyrir á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar á fundi nr. 152 þann 04.04.13. Niðurstaða Skipulags- og umhverfisn. var að m.a. „**Einnig að þess verði gætt að útræsin tvö við Kleifavegin verði grafin út á hverju vori.**“ Við minntum aftur á þetta málefni með bréfum dags. 14.01.14, 24.05.15. Því eru það okkur mikil vonbrigði að þurfa að fást við þessar hremmingar nú þar sem ekki var búið að grafa út útræsin. Einnig viljum við benda á að það flæddi inn í tveim af fjórum eignahlutum að Brimvöllum 3, þannig að eigendur þeirri þurftu að mæta á þriggja klst fresti til að dæla út úr húsunum og tjón varð á hringvelli Gnýfara.

Bæjarstjóri tjáði okkur að hann væri búinn að ganga frá því að til Fjallabyggðar kæmi aðili sem ætti að hæðamæla svæði og ætlaði hann að láta hæða mæla þetta svæði líka. Við fögnum því að sjálfsögðu og vonum að varanleg lausn finnist á þessu vandamáli.

Deiliskipulag frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði

Á 227. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar haldinn þann 14.06.18 var fyrirspurn Hestamannafélagsins Gnýfara vegna deiliskipulags frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði tekin fyrir. Eftirfarandi var fært til bókar:

Til kynningar

25. 1806004 - Fyrirspurn Gnýfara vegna deiliskipulags frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði

Lagt fram til kynningar erindi Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar hestamannafélagsins Gnýfara um deiliskipulag frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði. Skipulagsstofnun kemur þeirri ábendingu á framfæri við sveitarfélagið að það framfylgi deiliskipulaginu, nema sveitarfélagið telji þörf á að breyta deiliskipulaginu.

Stjórn Gnýfara skorar á bæjarráð að fara að ábendingu Skipulagsstofnunar og ganga þannig frá málum að bæði vélhjólamenn og hestamenn geti notið áhugamála sinna. Með því að auglýsa opnunartíma vélhjólbrautanna, eins og deiliskipulagið kveður á um og brýna fyrir mönnum að sýna ítrustu tillitssemi við hesta og knapa á vegunum sem liggja að æfingasvæðinu má stíga stórt skref í þá átt. Við viljum einnig vekja athygli á sáttmála milli hestafólks og annarra vegfarenda sem undirritaður var þann 8.maí s.l. (www.samgongustofa.is/hestarogumferd). Að þessum sáttmála standa tólf samtök og stofnanir og í honum er fólk hvatt til að sýna tillitssemi, varúð og kurteisi í umferðinni og kynna sér sérstöðu og viðbrögð hesta þegar ólíkir ferðamátar mætast.

Frágangur efnisnámu og svæðis þar í kring eftir gerð

Héðinsfjarðarganga

Í framhaldi af bréfi frá Gnýfara dags 14.08.11 var haldinn fundur sem Jón Magnússon frá Vegagerðinn, Ármann V. Sigurðsson frá Fjallabyggð og Þorvaldur Hreinsson frá Gnýfara sátu. Á fundinum var farið yfir þær framkvæmdir sem ólokið var samkv. samningi Fjallabyggðar og Gnýfara dags. 17.05.10. Á fundinum kom Þorvaldur þeirri ábendingu á framfæri að þegar lækirnir sem renna ofan við efnishauginn í Kleifarhorni færu að renna fram í hestahólfið, sem er neðan við hauginn, yrði gengið þannig frá lækjunum að þeim yrði beint í farvegi, en yrðu ekki látnir renna óhindrað yfir hólfið. Niðurstaða fundarins var að frá þessu yrði gengið þegar frá svæðinu yrði gengið. Fjallabyggð samdi síðar við Vegagerðina og yfirtók frágang á svæðinu og fékk greitt fyrir það ákveðna upphæð. Nú 10 árum síðar renna lækirnir yfir hólfið algerlega óhindrað. Stjórn Gnýfara skorar á bæjarráð Fjallabyggðar að láta ganga þannig frá lækjunum að þeir renni í farvegum svo hægt sé að nota hólfið til beitar.




Mokstur á reiðvegum

Á bæjarráðsfundi dags 27.11.20 var lagt fram vinnuskjal deildarstjóra tæknideildar dags 18.11.20 vegna beiðni stjórnar Gnýfara um mokstur á reiðvegum. Við viljum koma eftirfarandi á framfæri:

- a) Að okkur er ekki kunnugt um mokað sé niður að Faxavöllum 9 fyrr en í febrúar eða síðar, fer eftir hve mikið snjóar
- b) Við fögnum því að Fjallabyggð ætli að moka niður að Faxavöllum 9 í hvert skipti sem Brimvellir verða mokaðir. Okkar reynsla fram að haustinu 2020 er sú að oftar en ekki höfum við þurft að hringja í bæjarverkstjórnverkstjóra til að fá mokstur á Brimvöllum, þá hefur verið mjög þungfært fyrir jeppa dagana á undan.
- c) Við viljum benda á að með því að moka ekki þá reiðvegi sem um getur stöndum við í sömu sporum og þegar hesthúsin við Brimvelli voru byggð 1983 -85. Einnig viljum við benda á að það er nánast útilokað að bjóða upp á barna- unglingastarf yfir veturinn við þessar aðstæður. Þetta leiðir til þess að fjárfesting Gnýfara í reiðskemmumni að Faxavöllum 9 nýtist mjög illa.

Okkur finnst umhugunarefni hvers vegna þau mál sem hér að ofan hefur verið komið á framfæri hafa verið svo lengi í afgreiðslu hjá stjórnslu Fjallabyggðar sem raun ber vitni. Þetta gerir allt okkar starf erfiðara og það fer allt of mikil orka í að reyna að standa vörð um þá hagsmuni félagsins sem ættu í okkar huga að vera sjálfsagðir og eðlilegir þ.e. að hafa eðlileg skilyrði til að iðka hestamennsku og möguleika til að nýta eignir félagsins og byggja upp innihaldsrikt og skemmtilegt félagsstarf.

Virðingarfyllt


formaður

ritari,

gjaldkeri

Fylgiskjöl

1. Tjón vegna yfirborðsvatns.
2. Deiliskipulga frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði
3. Mokstur á reiðleiðum.